



Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna miða til að afþakka fjölpóst - R20080109

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

"Í sumar var borið inn á heimili í Reykjavík póstur frá Reykjavíkurborg þar sem íbúum var gefin kostur á því að afþakka fjölpóst. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði vilja vita hver kostnaður var við hönnun, prentun og dreifingu á þessum pósti. Hvar var þessi ákvörðun tekin að senda þennan póst?"

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags 26. ágúst sl.

Svar við fyrirspurn:

Kostnaður við hönnun á límmiðunum var 76 þús.kr. og prentun 3.870 þús.kr. Nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur sáu um dreifingu á miðunum þar sem dreifingaraðili hafnaði að dreifa þeim þegar efni þeirra var ljóst. Til samanburðar er kostnaður við hirðu og endurvinnslu á efni sem safnað er með bláu tunnunni í Reykjavík áætlaður um 157 m.kr. á árið 2020.

Tillaga um dreifingu miðanna var samþykkt á 30. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 16. október 2019.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða